


Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf

29. apríl 2013

SKÝRSLA STJÓRNAR



Skýrsla stjórnarformanns, Helgu Jónsdóttur.

Samkvæmt eigendastefnu Hörpu frá 19. desember sl. er það markmið ríkis og borgar, sem eigenda þessa húss, að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf og styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu. Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. En hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð mannlífs fyrir alla landsmenn í miðborg Reykjavíkur og áfangastaður ferðamanna innlendra og erlendra sem vilja kynna sér bygginguna, þjónustu í henni og listaverk í húsinu.

Við sem tókum að okkur að sitja í fyrstu stjórn hins nýstofnaða hlutafélags Hörpu ohf lítum á það sem forréttindi. Áratuga draumar tónlistarfólks og unnenda tónlistar um aðstöðu við hæfi rættust með þessu húsi. Margar atrennur höfðu verið gerðar áður, staðsetning könnuð víða og m.a.s. var búið að teikna annars konar tónlistarhús á öðrum stað. Áhugafólk hafði safnað fé til byggingarinnar en þegar til átti að taka uxu opinberar fjárhagslegar skuldbindingar vegna tónlistarhúss stjórnvöldum ætíð í augum.

Á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar var eins og loks sköpuðust þau skilyrði sem til þurfti. Borgaryfirvöld litu á bygginguna á þessum stað sem úrræði til að endurreisa líf í hinni gömlu, sögulegu miðborg sem farið hafði halloka gagnvart uppbyggingu í nýjum þjónustukjörnum. Hafnarsvæðið þurfti svo sannarlega líka á andlitslyftingu að halda. Það var ekki síst tenging milli byggingar sem í senn gat uppfyllt þarfir tónlistar og ferðaþjónustu sem dugði til að loks var talið tímabært og kleift að hrinda verkefninu úr vör. Ferðaþjónustan var vaxtarbroddur og full þörf var fyrir ráðstefnuaðstöðu sem keppt gæti við það besta í umheiminum.

Það má rifja upp að á þessum tíma voru ofarlega á baugi hugmyndir um að hið opinbera ætti að gegna takmörkuðu hlutverki og rekstur væri almennt betur kominn í höndum einkaaðila. Hlutverk hins opinbera væri að skilgreina og setja fram kröfur fyrir hönd almennings og borga fyrir þjónustu sem hann fékk notið. Framkvæmdir, rekstur og fjármögnun væri betur komið hjá einkageiranum.

Hugmyndafræðin að baki Hörpu bar merki áherslna þessa tímabils. Hugsað var stórt og Harpa var hjartað í víðtækari hugmyndum um að Ísland styrkti stöðu sína alþjóðlega, bæði í menningu og ferðaþjónustu; og að hin gamla miðborg og sögulegar rætur fengju notið sín. Nokkrar lóðir voru lagðar undir, gert var ráð fyrir að leysa bílastæðavanda miðborgarinnar með þessari framkvæmd, renna fleiri stoðum undir atvinnulíf og mannlíf; og bæta ásýnd með margvíslegum hætti.

Ríki og borg settu á laggirnar hlutafélagið Austurhöfn til að skilgreina verkefnið, bjóða það út, ganga frá samningum og hafa eftirlit með verkinu. Útboð á framkvæmdinni, fjármögnun og rekstri fór fram árið 2004. Lögð var áhersla á að sá aðili sem ábyrgð bæri á hönnun og byggingu væri jafnframt ábyrgur fyrir rekstrinum. Þannig yrði frá upphafi hugað að því að byggingin væri „rekstrarvæn“ en ekki bara musteri byggingarlistarinnar, þótt vissulega skipti það miklu máli.

Undirbúningur þessa húss og heildarhugsun að baki því bar vitni miklum stórhug þeirra einkaaðila sem samningar voru gerðir við eftir útboð. Í dag er óþarfi að rifja upp hvaða erfiðleikar dundu yfir og hversu mikil áhrif fjármála- og efnahagskreppan hafði á fyrirhugaða byggjendur þessa húss. Í stuttu máli urðu gjaldþrot til þess að ríki á borg fengu verkefnið í fangið. Mikil vinna var lögð í að greina kostina í þeirri stöðu. Ef hætt hefði verið við verkefnið hefði mörg hundruð milljónum króna verið kastað á glæ og menn geta rétt sett sér fyrir sjónir hver áhrif það hefði haft á miðborg Reykjavíkur að

hafa hálfkarað mannvirknið standandi við Austurhöfnina um ár eða áratugi. Frestun verkefnisins um óákveðinn tíma hefði haft í för með sér mun meiri kostnað en sú leið sem varð ofan á, þ.e. að ljúka byggingunni og taka hana í not eins og áformað hafði verið.

Það var svo í febrúar 2009 sem ríki og borg undirrituðu yfirlýsingu um samstarf „*til að ljúka byggingu mannvirkisins og heildaruppbyggingu svæðisins með það að markmiði að tryggja rekstrargrundvöll tónlistar- og ráðstefnuhússins og að öflug ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi geti náð fótfestu á þessu svæði.*“ Gert var ráð fyrir að byggingu Hörpu og undirbúningi opunar yrði lokið á tveimur árum.

Ég held að þeim fjölgi ört sem telja ákvörðun ríkis og borgar að taka verkefnið upp á sína arma hafa verið hina einu réttu. Mér finnst a.m.k tilefni til þess fyrir hönd þessa stórkostlega húss og allra uppbyggingar- og þróunarmöguleikana sem því tengjast að þakka hana; og ekki síður að þakka þeim fjölmörgu sem stóðu krefjandi og erfiða vakt til að tryggja að bygginguna mætti taka í notkun í maí 2011 eins og kynnt hafði verið. Það hafði þýðingu til að afla og endurheimta traust á því að við gætum þrátt fyrir efnahagsáföllin staðið við gerða samninga.

Þegar tilkynnt var að Harpa væri í fimm bygginga úrtaki til hinna virtu Mies van der Rohe arkitektaverðlauna, sem nú hafa fallið húsinu í skaut, kom fram í máli menningarmálaráðherra Evrópusambandsins að arkitektúr í álfunni sé lýsandi dæmi um styrk menningar og skapandi greina. Á tímum efnahagslæggðar eigi slíkar greinar í vök að verjast. Verðlaunin séu viðurkenning á framlagi byggingarlistar til efnahagslegra umsvifa, hagvaxtar og atvinnusköpunar en jafnframt á mikilvægi þess að fögur mannvirkni séu til þess fallin að efla stolt og samhygð í samfélögum.

Þessi orð eiga ákaflega vel við um Hörpu. Hér er arkitektúr á heimsvísu sem þegar fram líða stundir mun ábyggilega verða eitt helsta kennileiti Reykjavíkur og landsins alls. Ég leyfi mér að fullyrða að þegar efnahagshrunið dundi á skipti sköpum fyrir atvinnustig og bjartsýni að halda áfram byggingu þessa húss. Að öðrum kosti hefði atvinnu- og efnahagskreppan orðið enn dýpri en raunin varð á mestu samdráttartímunum. Víðtækari áhrifin á allt skipulag kringum húsið, breytingar á hafnarsvæðinu og sívaxandi mannlíf þar í þágu ferðaþjónustu tel ég beintengt tilvist Hörpu. Alþjóðlegar ráðstefnur sem haldnar hafa verið í Hörpu hafa laðað hingað nýja hópa og ný tengslanet, af jafn ólíkum toga og alþjóðlegar jarðhitaráðstefnur og ráðstefna CCP um Eve online. Hönnun, listsköpun, endurnýjanleg orka og margt, margt annað sem tengist skapandi greinum og nýjum vaxtarbroddum í atvinnulífi finna sér stað í þessu húsi.

Harpa er dýr bygging og ekkiverður fram hjá því litið að ýmsar lánastofnanir, erlendar og innlendar, sem lánuðu fé til félaganna á undirbúningstímanum töpuðu miklu. Þegar ríki og borg fengu bygginguna í fangið var heldur ekki í digra sjóði að ganga hjá þeim. Harpa er því ekki bygging sem greidd var fyrirfram og afhent til rekstrar eins og á við um flestar opinberar menningarbyggingar. Fyrirkomulagið líkist fremur því sem er á íbúðamarkaði, þ.e. byggingin er fjármögnuð með láni sem endurgreitt er á 35 árum, en þá eiga ríki og borg bygginguna veðbandalaus. Í bili er byggingin að fullu veðsett vegna skuldabréfaláns hjá Landsbankanum sem tók að sér að fjármagna byggingarkostnaðinn. Þannig er um hnútana búíð að framlag ríkis og borgar kemur ekki inn í rekstur Hörpu heldur rennur beint til niðurgreiðslu á skuld við Landsbankann. Samningaviðræður um útfærslu þessa fyrirkomulags voru til lykta leiddar rétt fyrir þennan aðalfund. Mun forstjóri gera nánari grein fyrir málinu í sinni skýrslu en stjórn þakkar honum og öðru starfsfólki sérstaklega fyrir úthald og ötult starf í því erfiða verkefni.

Meðal skilyrða ríkis og borgar, nýrra eigenda, var að einfalda félaguppbygginguna í Hörpu. Það hefur verið gert. Félögin Portus, Ago og Totus voru öll sameinuð undir nafni Hörpu, sem síðan sameinaðist einnig upphaflega félaginu Austurhöfn. Það er því eitt nýtt félag, Harpa ohf, sem fer með málefni þessa húss. Stjórnin er skipuð sjö einstaklingum, sem skulu þannig valdir að þeir búi yfir hæfni á mismunandi sviðum sem þetta hús kallar á. Þannig er ekki um fulltrúastjórn að ræða. Gengið hefur verið frá eigendastefnu, starfsreglur fyrir stjórn eru afar skýrar og skilgreina vel hlutverk og ábyrgð þeirra sem skyldum hafa að gegna gagnvart húsinu. Árlega er gert ráð fyrir að störf stjórnar og forstjóra verði metin á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra mælikvarða um hvað einkennir góða stjórnun og rekstur.

Nýr verkefnissamningur er genginn í gildi milli eigenda hússins og félagsins. Þar er skilgreint hverju húsið ber að skila og í hverju framlög eigenda felast. Verklagsreglur fyrir eigendanefnd liggja fyrir í drögum og samskiptin við eigendur hafa verið með miklum ágætum bæði í undirbúningi hinnar nýju Hörpu ohf. og eftir að ný félagskipan tók gildi.

Rekstraráætlun hefur verið gerð til fimm ára í samstarfi við KPMG. Hún hefur verið grundvöllur samninga við eigendur. Stjórn og stjórnendur hafa einsett sér að markmiðum sem þar eru sett fram verði náð á næstu árum. Stjórnin lítur á það sem eitt mikilvægasta hlutverk sitt að hafa eftirlit með hagkvæmri nýtingu þeirra fjármuna sem lagðir hafa verið í verkefnið og að reksturinn verði fjárhagslega stöðugur til skemmri og lengri tíma litið. Hún er ennfremur að undirbúa stefnumótun til lengri tíma og mun í því verkefni leita ráðgjafar og samráðs við hagsmuna- og samstarfsaðila .

Störf í þágu tónlistar- og ráðstefnuhúss voru ekki ný af nálinni fyrir mig þegar ég tók að mér stjórnarformennsku í Hörpu síðla árs 2012. Ég tók þátt í undirbúningi þessa húss frá því sú hugmynd vaknaði hjá Reykjavíkurborg að leggja lóð við Reykjavíkurborg undir þetta mannvirki og þar til ég fluttist út á land síðla árs 2006. Það hefur því verið mér ómetanlegt gleðiefni að koma á ný og sjá hversu margir draumar hafa þegar ræst og hversu óþrjótandi möguleika má sjá inn í framtíðina. Fyrir Hörpu skiptir máli að sem fyrst rísi hótél sem alltaf var áformað hér við hliðina. Það er ákveðin forsenda þess að hér verði haldnar stærstu og verðmætustu alþjóðlegu ráðstefnurnar. Þótt hótélbygging hafi dregist er það samt ánægjuefni að alþjóðlegar ráðstefnur bókaðar 2013 og 2014 hafa farið fram úr vonum og umfram það sem gerist í nágrannalöndunum. Áhugi á ráðstefnuhaldi hér á landi er mikill.

Tónlistarmenn, ekki síst í Sinfóníuhljómsveit Íslands, eru þeir sem biðu þessa húss með mestri óþreyju. Nú hafa þeir uppskorið sem sýndu langlundargeð við ófullnægjandi aðstæður. Tónlistarfólk, innlent sem erlent, hefur tekið þessu húsi fagnandi og tæknilega erum við nú í hópi þeirra sem best standa. Loksins fáum við að njóta flutnings okkar besta tónlistarfólks í sölum við hæfi. Harpa breytir öllum forsendum til þess að Íslendingar fái á heimavelli notið tónlistar og fjölbreytni eins og best verður.

En allra mest gleði felst í því að sjá hversu mikið mannlíf er í þessu húsi daginn langan og alla daga. Hér er opið frá morgni til miðnættis en ekki bara kringum tónlistarviðburði eða ráðstefnur eins og víða er. Hér geta allir gengið um almenningsrýmin, komið inn, sest með kaffibolla og notið þess listaverks sem byggingin er. Hugsuð ykkur bara að tvær milljónir heimsóknna hafi verið í húsið frá opnun og að það er einn helsti áfangastaður ferðamanna erlendra sem innlendra.

Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, og barnamenningarhátíð í Reykjavík eru meðal atburða síðustu daga. Fyrir tónlistaruppeldi hefur húsið fjölbreytta möguleika. Börn og unglingar hafa flutt tónlist í öllum sölum og sungið á göngum, sjálfum sér og öðrum til gleði og yndisauka.

Enginn vegur er að leggja einvörðungu peningalega mælikvarða á þetta hús og afrakstur þess. Lífsgæðin sem felast í því að alast upp við tónlist og menningu verða aldrei metin til fjár, frekar en gildið sem felst í því að eiga aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu. En sem betur fer er Harpa skýr aflvaki inn í samfélagið og úttekt sýnir að efnahagsleg áhrif hennar á ýmiss konar skyldan og afleiddan rekstur eru ótrúlega mikil eins og forstjóri mun gera nánari grein fyrir á eftir. Staðarstolt er hverju samfélagi gulls í gildi og Harpa er bygging sem borgarbúar og landsmenn geta með réttu verið stoltir af.

Ég get ekki annað en verið full þakklætis til allra þeirra sem gert hafa þetta mögulegt. Mig langar sérstaklega að minnast tveggja úr þeirra hópi - brautryðjenda sem féllu frá með stuttu millibili. Margir telja að þrautseigja Stefáns Hermannssonar, framkvæmdastjóra Austurhafnar, sem lést í þessum mánuði, hafi átt hvað ríkastan þátt í að skila byggingunni gegnum mesta erfiðleikaskeiðið. Húsið naut líka samstarfs hans við öflugan stjórnarformann, Stefán P. Eggertsson, sem einnig lést fyrir skemmstu.

Að lokum vil ég þakka afar gott samstarf við fulltrúa eigenda hjá borg og ríki, við samstjórnarmenn mína og forstjóra og starfsmenn í húsinu. Ég er þess fullviss að mannvalið kringum þetta einstaka hús mun skila því inn í framtíð þar sem kostir þess nýtast til að renna æ fleiri stoðum undir öfluga menningu, atvinnulíf, efnahag og mannlíf á Íslandi.

Helga Jónsdóttir.

Skýrsla forstjóra, Halldórs Guðmundssonar

Í dag urðu mikil og merk tíðindi þegar tilkynnt var að verðlaun Evrópusambandsins fyrir nútímabyggingarlist, kennd við Mies van der Rohe, árið 2013 falli í skaut Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík. Verðlaunin, sem veitt eru annað hvert ár, eru einhver virtustu verðlaun á þessu sviði í heiminum svo þetta er ekki bara áfangi í sögu Hörpu, heldur í sögu byggingarlistar á Íslandi og skipulagsmála í Reykjavík.

Verðlaunin voru sett á stofn árið 1987 af Evrópusambandinu og Stofnun Mies van der Rohe í Barcelona. Þeim er ætlað að vekja athygli á því sem best er gert í evrópskri byggingarlist og koma allar byggingar sem lokið var við á árunum tveimur fyrir afhendinguna til greina. Í ár voru 335 byggingar frá 37 Evrópulöndum tilnefndar til verðlaunanna sem nema alls 60 þúsund evrum.

Níu manna dómnefnd, skipuð virtum sérfræðingum víða að úr heiminum, valdi fimm þessara verka á úrslitalista, en þau voru ráðhúsið í Gent, Belgíu, almenningsgarðurinn Superkilen í Kaupmannahöfn, heimili eldra fólks í Alcacer do Sal, Portúgal, Metropol Parasol garðurinn í Sevilla á Spáni auk Hörpu. Að undanfögnu hefur þessi dómnefnd heimsótt alla þessa staði og tekið út verkin. Það var niðurstaða hennar að verðlauna Hörpu, en aðeins ein norræn bygging hefur áður hlotið þessi verðlaun, en það er Óperan í Osló.

Í rökstuðningi sínum leggur dómnefndin einkum áherslu á þrennt: þá ákvörðun að ljúka við byggingu Hörpu þrátt fyrir hrunið, því þar með hafi byggingin orðið ták endurreisnar íslensks samfélags eftir hrun, fremur en mynd kreppunnar, á góða tengingu hússins við umhverfi sitt og skipulag Reykjavíkur og óvenjulega og merkilega samvinnu við Ólaf Elíasson um gerð glerhjúpsins utan um húsið.

Þessi rökstuðningur hinna glöggu gesta staðfestir það sem við sem vinnum í þessu húsi vitum: Harpa er á góðri leið með að verða eitt merkasta kennileiti Reykjavíkur og um leið félagsheimili allra landsmanna. Og hún kallast á við nýsamþykka eigendastefnu hússins, þar sem lögð er áhersla á þrjúþætt hlutverk þess, sem tónlistarhúss, ráðstefnuhúss en líka sem gestamóttöku og miðstöðvar mannlífs í Reykjavík. Á liðnu ári hefur Harpa fest sig rækilega í sessi á öllum þessum sviðum.

Margir mikilvægir áfangar hafa náðst hjá Hörpu í vetur. Miklar breytingar urðu t.d. á rekstrarfyrirkomulagi hússins á seinni hluta síðasta árs. Félaguppbyggingin um reksturinn var einfölduð til muna. Rekstrarfélagið Ago og fasteignafélagið Totus runnu inn í eignarhaldsfélagið Portus, sem hlaut nafnið Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús. Í framhaldinu var ákveðið að leggja móðurfélagið Austurhöfn TR inn í Hörpu, sem jafnframt var breytt í opinbert hlutafélag, ohf. Tóku þær breytingar endanlega gildi 14. febrúar á þessu ári. Lóðafélagið Situs var hins vegar skilið frá og er nú í eigu ríkis og Reykjavíkuborgar.

Þetta þýðir að það er aðeins eitt félag eftir um rekstur Hörpu, og ein stjórn. Ráðinn var forstjóri sem tók við 1. ágúst 2012, og enginn stjórnarmaður er lengur í fullu starfi við húsið. Með þessu hefur reksturinn orðið bæði einfaldari og skilvirkari.

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Hörpu fyrir árið 2012. Rekstrartap fyrir afskriftir, EBITDA, nam 585 milljónum, en afskriftir voru 352 milljónir. Fjármagnsgjöld voru 1505 milljónir, en framlag ríkis og borgar til fjármögnunar byggingarinnar nam 983 milljónum. Reikningsleg afkoma var því neikvæð um

1419 milljónir. Langstærstur hluti þess, auk afskrifta, eru verðbætur og vextir á láni sem tekið var til að ljúka við bygginguna, svokölluðu sambankaláni.

Á nýju ári hafa orðið grundvallarbreytingar á rekstrarhæfi Hörpu. Eigendur breyttu svokölluðu brúarláni í stofnfé, en það nam 795 milljónum. Jafnframt ákváðu þeir að leggja rekstrinum til 160 milljónir á ári í fjögur ár, meðan húsið væri að festa sig í sessi og niðurstaða fengist í ágreining um fasteignagiöld Hörpu, sem nú er fyrir dómstólum, en alls er húsinu gert að greiða 355 milljónir í fasteignagiöld á árinu. Þær álögur eru með öllu óásættanlegar, og þess vegna hefur Harpa höfðað mál til leiðréttingar þeim. Þá er búið að endurfjármagna lánið vegna húsbyggingarinnar með skuldabréfaútgáfu sem Landsbankinn sölutryggði og í krafti þess hefur verið hægt að gera upp skuldir og rétta við fjárhaginn eftir rekstrartap síðustu ára, auk þess sem vaxtabyrðin verður léttari. Í skýringum við ársreikninginn segir: „Skuldabréfaútgáfa sem gengið var frá í apríl 2013 leiðir til þess að árleg greiðslubyrði vaxta og afborgunar mun breytast, en skapar samstæðunni viðbótar handbært fé á árinu 2013 um 876 milljónir króna.“ Ennfremur segir í skýringum: „ Framlag eigenda, endurfjármögnun samkvæmt skuldabréfaútbóði ásamt hækkun á eigin fé mun leiða til þess að samstæðan getur staðið við skuldbindingar sínar og greiðslu alls kostnaðar næstu 12 mánuði frá lokum reikningsársins.“ Skýringar í ársreikningi miðast við næstu 12 mánuði, en við teljum reyndar að rekstur Hörpu sé nú tryggður til a.m.k. ársins 2016.

Ég ætla ekki að fjalla nánar um ársreikninginn hér nema þess sé óskað sérstaklega, enda hefur stjórn Hörpu gert það, og svo eru hér endurskoðendur félagsins til svara einnig. Áritun þeirra er fyrirvaralaus, en ítarlegar skýringar um fjárhagslega stöðu og skuldbindingar er að finna í ársreikningnum, og vísa ég þar til skýringa nr. 14 og nr. 19.

Því má heldur ekki gleyma að reksturinn fer batnandi, ekki síst vegna stóraukinna bókana á ráðstefnusviði; árið 2013 eru þannig bókaðar 55% fleiri ráðstefnur og fundir í húsinu en árið 2012.

Í skýrslu sem Hagfræðistofnun vann í október 2011 er lagt mat á gjaldeyrstekjur sem verða til vegna starfsemi Hörpu. Forsendur um dvalarlengd, föruneysi og meðaleyðslu byggja á fyrri könnunum og rannsóknum.

Miðað við áætlaðan fjölda erlendra ráðstefnugesta í Hörpu árið 2013, og sömu forsendur og Hagfræðistofnun styðst við, má gera ráð fyrir að gjaldeyrstekjur tengdar ráðstefnuhaldi í Hörpu geti numið 2,75 - 4,35 milljörðum króna árið 2013. Ef gert er ráð fyrir hóflegum vexti fjölda erlendra ráðstefnugesta má áætla að gjaldeyrstekjur tengdar ráðstefnuhaldi geti numið allt að 24 milljörðum króna á næstu fimm árum.

Þannig skapar húsið landsmönnum mikil verðmæti, bæði efnisleg og óefnisleg. Þess verður að geta að ráðstefnurekstur Hörpu er til rannsóknar hjá eftirlitsstofnuninni ESA, en við teljum að það ætti að vera hægt að ná sátt um hana, hugsanlega með skýrari bókhaldslegri aðgreiningu ráðstefnurekstrarins. Aldrei hefur annað staðið til en að hann standi undir sér, og þá þróun sjáum við fyrir okkur á næstu árum.

En mestu skiptir aðsóknin sem sýnir að landsmenn kunna svo sannarlega að meta Hörpu. Frá því húsið var opnað, í maí 2011, hafa næstum 2 milljónir manna sótt það heim, og þar hafa verið haldnir vel á annað þúsund viðburðir.

Harpa er oft undir krítískri smásjá og það er ofur eðlilegt, þar sem húsið er í eigu almennings sem þarf að borga fyrir bygginguna með sínu skattfé. Við kveinkum okkur ekki undan því. En þessi mikla aðsókn, og ótrúleg þátttaka almennings í hinni fjölbreyttu starfsemi í húsinu, sýnir svo ekki verður um villst hve húsið er þrátt fyrir allt, kærkomið og hve það gegnir mikilsverðu hlutverki í íslensku þjóðlífi og endurreisn samfélagsins á síðustu árum. Þetta hlutverk á bara eftir að vaxa.

Að lokum vil ég þakka stjórn fyrir afar gott samstarf og öll samstarfsfólki mínu fyrir afar óeigingjart og ósérhlífið starf í þágu Hörpu.

Halldór Guðmundsson